



**113. fundur Byggðaráðs Múlapings
haldinn í fundarsal sveitarstjórnar, Lyngási 12 Egilsstöðum, þriðjudaginn 16.
apríl 2024
og hófst hann kl. 09:00**

Fundinn sátu:

Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður, Vilhjálmur Jónsson varaformaður, Ívar Karl Hafliðason aðalmaður, Hildur Þórisdóttir aðalmaður, Helgi Hlynur Ásgrímsson aðalmaður, Þórlaug Alda Gunnarsdóttir varamaður, Björn Ingimarsson sveitarstjóri, Guðlaugur Sæbjörnsson fjármálastjóri og Inga Þorvaldsdóttir fundarritari.

Fundargerð ritaði: Inga Þorvaldsdóttir, fulltrúi á stjórnsýslusviði

Dagskrá:

1. 202401001 - Fjármál 2024

Fjármálastjóri og sveitarstjóri fóru yfir og kynntu mál er varða fjármál og rekstur sveitarfélagsins

2. 202403242 - Ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga 2023

Fyrir liggur ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga fyrir árið 2023 sem sendur var frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga á aðildarfélög Samtaka orkusveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

3. 202310013 - Þjónustustefna í byggðum og byggðarlögum sveitarfélaga

Inn á fundinn undir þessum lið kom skrifstofustjóri Múlapings, Óðinn Gunnar Óðinsson, og gerði grein fyrir við vinnu við mótun þjónustustefnu Múlapings.

Gestir

Óðinn Gunnar Óðinsson - 10:25

4. 202311317 - Fjöldahjálparstöð á Djúpavogi

Fyrir liggur bókun frá fundi heimastjórnar Djúpavogs, dags. 04.04.2024, varðandi Fjöldahjálparstöð á Djúpavogi.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings samþykkir að fjöldahjálparstöð RKÍ á Djúpavogi verði flutt úr grunnskólanum yfir í íþróttamiðstöð og veitir sveitarstjóra umboð til að undirrita samkomulag þar að lútandi í samræmi við fyrirbyggjandi drög.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.



5. 202209107 - Öldugata 14 Seyðisfirði

Fyrir liggur erindi frá Skaftfelli Listamiðstöð Austurlands, auk meðlima í Prentverk Seyðisfjörður, varðandi húsaleigu fyrir Öldugötu 14. Sveitarstjóri gerði einnig grein fyrir hugmynd að framtíðarvalkosti fyrir staðsetningu Prentverks Seyðisfjarðar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings samþykkir að fela sveitarstjóra að kanna mögulegan nýjan valkost fyrir staðsetningu Prentverks Seyðisfjarðar, sem mögulega gæti raungerst á þessu ári. Er niðurstaða liggur fyrir verður erindi Skaftfells Listamiðstöðvar Austurlands tekið fyrir í byggðaráði til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

6. 202404055 - Afnotasamningur, Strandarvegur 39, 710, Slökkvilið Múlapings

Fyrir liggur tillaga að afnotasamningi fyrir Slökkvilið Múlapings um fasteignina Strandaveg 39 á Seyðisfirði.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings samþykkir fyrirbyggjandi afnotasamning fyrir Slökkvilið Múlapings um fasteignina Strandaveg 39 á Seyðisfirði og felur framkvæmda- og umhverfismálastjóra frágang málsins.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

7. 202403115 - Menningarstefna og aðgerðaráætlun

Fyrir liggja til afgreiðslu tillögur að Menningarstefnu Múlapings 2024-2030 auk aðgerðaráætlunar.

Málinu frestað til næsta fundar.

8. 202401099 - Fundargerðir stjórnar HEF 2024

Fyrir liggur fundargerð stjórnar HEF veitna, dags. 09.04.2024.

Lagt fram til kynningar.

9. 202310203 - Samráðshópur um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði

Fyrir liggur fundargerð samráðshóps um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði, dags. 12.04.2024.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings tekur undir með samráðshóp um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði varðandi mikilvægi þess að frumathugun varna við Hafnargötu 47 verði kláruð og að farið verði í rannsóknir varðandi sífrera í



þelaurð í Strandatindi sem fyrst. Sveitarstjóra falið að koma þessu á framfæri við sérfræðinga Veðurstofu.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

10. 202308081 - Sláturhúsið Menningarmiðstöð, Samþykktir

Fyrir liggur minnisblað varðandi skipan í fagråd Sláturhússins - menningarmiðstöð.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir að skipa eftirtalda aðila í fagråd Sláturhússins - menningarmiðstöð til næstu tveggja ára:

Formaður (fulltrúi atvinnu- og menningarmálastjóra): Óðinn Gunnar Óðinsson
Varaformaður (fulltrúi atvinnu- og menningarmálastjóra): Urður Gunnarsdóttir
Aðalmaður (fulltrúi LungA skóla): Heiðdís Hólm Guðmundsdóttir
Varamaður (fulltrúi LungA skóla): Mark Rohtmaa-Jackson

Aðalmaður (fulltrúi leikfélags Fljótsdalshéraðs): Formaður LF, nú Berglind Hönnudóttir

Varamaður (fulltrúi leikfélags Fljótsdalshéraðs): Varaformaður LF, nú Hrefna Hlín Sigurðardóttir

Aðalmaður (fulltrúi Bíl): Wiola Ujazdowska
Varamaður (fulltrúi Bíl): Erling Jóhannesson

Aðalmaður (fulltrúi Listaháskólans) Pétur Ármannsson
Varamaður (fulltrúi Listaháskólans) Brogan Davis.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Gestir

Óðinn Gunnar Óðinsson - 10:45

11. 202404051 - Beiðni um styrk til reksturs Bjarmahlíðar þolendamiðstöðvar vegna 5 ára starfsafmæli

Fyrir liggur erindi frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi Eystra varðandi styrk til reksturs Bjarmahlíðar þolendamiðstöðvar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir að vísa fyrirbyggjandi erindi varðandi styrk til reksturs Bjarmahlíðar þolendamiðstöðvar vegna 5 ára starfsafmælis til fjölskylduráðs til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

12. 202404044 - Fundarboð á ársfund Stapa lífeyrissjóðs 2024

Fyrir liggur boðun til ársfundar Stapa lífeyrissjóðs sem haldinn verður fimmtudaginn 2. maí nk. í menningarhúsinu Hofi, Akureyri kl. 14:00.



Eftirfarandi tillaga lögð fram:
Byggðaráð samþykkir að Björn Ingimarsson fari með umboð og atkvæði Múlaþings á fundinum.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

13. 202404087 - Aðalfundur SSA og Austurbrúar 2024

Fyrir liggur erindi frá framkvæmdastjóra SSA varðandi tilnefningu í kjörnefnd fyrir aðalfund SSA sem mun fara fram 23. maí 2024.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:
Byggðaráð Múlaþings samþykkir að tilnefna Vilhjálm Jónsson sem fulltrúa Múlaþings í kjörnefnd fyrir aðalfund SSA sem mun fara fram 23.05.2024.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:40

